

Mál: Reykjavíkurvegur 39a, gatnagerðargjöld - 2108199

Til: Bæjarráðs

Dags. 23. ágúst 2021

Vísað er í erindi eigenda lóðar við Reykjavíkurveg 39a, dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er eftir því að gatnagerðargjald vegna lóðarinnar verði fellt niður eða það lækkað. Í erindinu er vísað til þess að um er að ræða sérstakar aðstæður þar sem þéttingu byggðar sé að ræða.

Aðdragandi málsins er að eigandi lóðarinnar hefur sótt um byggingarleyfi fyrir nýbyggingu á lóðinni og samkvæmt gjaldskrá ber lóðarhafa að greiða kr. 9.947.469.- í gatnagerðargjald. Það er skilyrði fyrir því að gefið verði út byggingarleyfi að gatnagerðargjald hafi áður verið greitt.

Um gatnagerðargjald gilda lög nr. 153/2006 og Samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfirði nr. 219/2021. Samkvæmt þeim ber sveitarfélaginu skylda að innheimta gatnagerðargjald af öllum nýbyggingum. Þó er heimilt að lækka eða fella niður gjaldið við sérstakar aðstæður s.s. vegna þéttingu byggðar.

Gatnagerðargjald er skattur og eiga meginreglur skattaréttar því við um álagningu og innheimtu gatnagerðargjalds en í þeim felast meðal annars kröfur um fyrirsjáanleika og jafnræði greiðenda. Þá ber að túlka allar undantekningar frá greiðslu þess með þröngum hætti.

Almennt hefur sveitarfélagið ekki fallist á það að lækka eða fella niður gatnagerðargjald með vísan til þéttingar byggðar. Í gildandi aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir að umrædd lóð eða svæði þar í kring sé sérstakt þéttingarsvæði og þá er ekki í gildi deiliskipulag á svæðinu.

Að virtu framangreindu er lagt til að erindinu verði hafnað.

Ívar Bragason

bæjarlögmaður